

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag leikskólalóðar við Núpaland.

Á fundi bæjarráðs 7. janúar 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi leikskólalóðar við Núpaland í Kópavogi. Í breytingunni felst að leikskólalóð er færð vestar (nær Melalind 10-12) og skólagarðar austur fyrir leikskólalóðina í átt að Lindaskóla. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 9. nóvember til 11. desember 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 18. janúar 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

ARÐSKRÁ

fyrir Veidifélag Apavatns.

<i>Lögbýli</i>	<i>Einingar</i>
Austurey I	29,5
Austurey II	29,5
Útey I	12,5
Útey II	12,5
Efra-Apavatn I	33,0
Efra-Apavatn II	33,0
Neðra-Apavatn	54,6
Vatnsholt	32,5
Hagi I	19,5
Hagi II	19,5
Lækjarhvammur og Gröf	11,1
Þóroddsstaðir	4,5
Mosfell	4,8
Þórisstaðir	0,5
Svínavatn	3,0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.